


# EGILSSTAÐAFLUGVÖLLUR - SKIPULAGSREGLUR



## II. YFIRLITSUPPDRÁTTUR SKILGREINDRA HINDRANASVÆÐA



# AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS SKÝRINGAR / SKILMÁLAR

#### C. Svæði með hæðartakmörkunum (hindranafletir)

Á uppdráttum II og III er gerð grein fyrir hindranaflötum flugvallarins sem fela í sér hæðartakmarkanir á hvers konar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði þess. Með áhrifasvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er át við svæði undir hindranaflötum. Byggja hindranafletir þessir og skilgreining þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð um flugvelli.

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum II og III nema að fengnu samþykkni Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarins sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Samgöngustofu með umsögn sinni. Leita skal sliks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tillagan er auglyst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðalupprættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallarins getur óskað eftir sérstöku áhættumati vegna slíkra undanþágubeiðna sem unnin skal á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðila flugvallarins heimilt að afgreiða málið á aðkomu Samgöngustofu. Stofnuninni skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraraðili flugvallar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotið slikt afgreiðslu til ákvörðunar Samgöngustofu.

Samgöngustofa getur krafist lýsingar á fleiri byggingar telji hún staðsetningu þeirra varða flugöryggi. Þegar svæði eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi án þess að fyrir liggi skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið til tilit til þessara reglna, skal ávaltt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarins. Sé umsögn rekstraraðila flugvallarins neikyð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Samgöngustofu.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

**Aðflugsfletir**

Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur líréttur flátur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m.

Kemur larettur notur sem hæl 8.000 m<sup>2</sup>. Samtals er noturninn 15.000 m langur.



Flugtaksfletir

Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0% (1:50)

## Skáflétir

14,3 % (1:7) fra brun oryggißvæðis og upp ad larettu flettinum.

Lárétt svæði

Svæði 68,3 m.y.s. sem nær í 4.000 m radius út frá brautarendum og til hliðar

við flugbrautir.

 Keiluflötur  
Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útbrún láréitta svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.

 Land upp úr hindranafleti

Reglur þessar voru auglýstar til kynningar og samhliða athugasemdafresti frá

3. OKTOBER til 16. NOVEMBER 2015

## Innanrikisráðherra samþykkti reglur þessarar

10-August 2011  
(Dlof) Wardak.

Auglýsing um gildistöku reglna þessara birtist í Lögbirtingablaðinu þann



ÍNNANRÍKISRÁDUNEYTJÓ

LANDSLÖG | ARKÍS arkitektar

II YFIRLITSUPPDRÁTTUR SKILGREINDRA HINDRANASVÆÐA MKV: 1:50.000 / A1 1:100.000 / A3